

10.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn fimmtudaginn 24.nóvember 2016 kl. 14:30. Fundurinn er haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Fundarefni:

1. Erindi Davíðs Más Bjarnasonar, að hluta sent hreppsnefndarmönnum í tölvupósti miðvikid.16.nóv.
 2. Bréf frá Sambandi ísl sveitarfélaga varðandi endurskoðun á rekstrarfyrirkomulagi flugvalla.
 3. Fundargerð 843.fundar stjórnar Sambandsins lögð fram til kynningar.
 4. Fundargerðir skólanefndar lagðar fram kynningar og umræðu/önnur málefni skólans.
 5. Tölvupóstur og fundargerð frá Heilbrigðisfulltrúa vestfjarða....send í tölvupósti. Framlög sveitarfélaga lögð fram til kynningar.
 6. Hugmyndir eftir fund með yfirmönnum HS-Orku og Vesturverks/b' ref frá Gunnari í Vesturverki sent hreppsnefnd í tölvupósti þ.20október sl..
 7. Löndunarkranar við Norðurfjarðahöfn, viðgerð og/eða endurnýjun.
 8. Byggðakvóti fyrir fiskveiðiárið 2016-2017.
 9. Umsókn um leigu á reka í Kolbeinsvík.
 10. Erindi frá Byggðasafni Húnvetninga og Strandamanna.
 11. Vetrarsamgöngur, svarbréf Vegamálastjóra lagt fram til umræðu.
 12. Rafhleðslustöð fyrir rafbíla, gjöf til Árneshrepps frá Orkusölu.
 13. Skipan varamanns sem aðalmanns í hreppsnefnd til næstu 2ja ára.
-
1. Erindi Davíðs M.Bjarnasonar tekið fyrir. Meirihluti hreppsnefndar ákvað að ekki yrði farið í verkefnið að svo stöddu.
 2. Bréf frá sambandinu varðandi endurskoðun á rekstrarfyrirkomulagi flugvalla lagt fram til kynningar.
 3. Fundargerð 843.fundar stjórnar Sambandsins lögð fram til kynningar.
 4. Fundargerðir skólanefndar lagðar fram til kynningar. Hrefna matráður hefur sagt upp störfum frá 31.des.2016 og ákveðið var að auglýsa starf matráðs laust til umsóknar og ennfremur að auglýsa eftir starfsmanni til ræstinga í skólanum.
 5. Tölvupóstur og fundargerð frá Heilbrigðisfulltrúa Vestfjarða, sent í tölvupósti, framlög sveitarfélaga fyrir árið 2017 lögð fram til kynningar.
 6. Rifjað var upp hvað rætt var á fundi hreppsnefndar og yfirmanna VesturVerks og HS-Orku á fundi þeirra 31.október sl. Bréf Vesturverks ehf tekið fyrir og bókaði hreppsnefnd eftirfarandi; „Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkir að veita VesturVerki ehf. heimild til að vinna breytingu á gildandi aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag í samræmi við framlagða skipulags- og matslýsingu; Hvalárvirkjun í Ófeilgsfirði – Breyting á aðalskipulagi Árneshrepps 2005 -2025 og nýtt deiliskipulag – Skipulags- og matslýsing, dags.20.10.2016. Hreppsnefnd samþykkir jafnframt að skipulags- og matslýsingin verði kynnt í samræmi við

ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010“. Hrefna Þorvaldsdóttir sat hjá við afgreiðslu málsins.

7. Löndunarkranar við Norðurfjarðarhöfn, viðgerð og/eða endurnýjun. Ákveðið var að senda kranann af löndunarbryggjunni til alsherjar yfirhalningar. Gulli mun athuga með verkstæði og hann mun enn fremur sjá um að gert verði við krana á ytri bryggju.
8. Byggðakvóti fyrir fiskveiðiárið 2016-2017. Oddviti mun senda ráðuneytinu bréf varðandi úthlutunarreglur.
9. Umsókn um leigu á reka í Kolbeinsvík. Þar sem núverandi leigutaki hefur ekki sagt upp er ekki hægt ráðstafa rekanum að svo stöddu.
10. Erindi frá Byggðasafni Húnvetning og Strandamanna. Samþykkt var að verða við beiðni um aukafjárframlag vegna viðgerða.
11. Vetrarsamgöngur, svarbréf Vegamálastjóra. Ákveðið var að biða átekta og sjá hvernig framvindan verður. Fyrirkomulag varðandi mokstur vegna skólaaksturs verður á ábyrgð sveitarfélagsins.
12. Rafhleðslustöð, gjöf frá Orkusölnunni til hreppsins. Athugað verður með framtíðarstaðsetningu.
13. Sveindís Guðfinnsdóttir baðst undan setu í hreppsnefnd og ákvað því hreppsnefnd að kalla inn næsta varamann.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:00.